

27. mars 2014

Ávarp

Ólafar Nordal, formanns bankaráðs.
Flutt á 53. ársfundi Seðlabanka Íslands, 27. mars 2014.

Hæstvirtur Forseti Íslands, hæstvirtur forsætisráðherra, hæstvirtur fjármála- og efnahagsráðherra, bankastjórar, sendiherrar erlendra ríkja og aðrir góðir gestir.

Ég býð ykkur velkomin og set hér með fimmtugasta og þriðja ársfund Seðlabanka Íslands.

Nýtt bankaráð var kosið hinn 5. júlí sl. að afloknum þingkosningum síðastliðið vor og er það mér sannur heiður að veita því forystu.

Senn eru sex ár liðin frá falli stóru bankanna í október 2008. Við Íslendingar glímum enn við margvíslegan vanda sem á rætur sínar að rekja til þeirra atburða. Seðlabankinn hefur unnið markvisst á mörgum vígstöðvum til að tryggja að íslenska hagkerfið nái aftur þeim styrk og vexti sem nauðsynlegur er til að tryggja góð lífsskjör Íslendinga og góðan árangur í samkeppni í alþjóðlegu umhverfi.

Aðalmarkmið Seðlabankans er stöðugt verðlag í samræmi við verðbólguþáttmarkmið hans. Á því sviði hefur náðst umtalsverður árangur síðustu mánuði sem fylgja þarf eftir með markvissri beitingu stjórnþækja bankans og í góðu samræmi við efnahagsstjórn landsins á öðrum sviðum.

Þótt fagna beri þeim árangri sem náðst hefur á sviði verðstöðugleika eru mörg og flókin verkefni framundan, meðal annars að losa fjármagnshöft og tryggja lága verðbólgu og stöðugt fjármálakerfi til frambúðar.

Eitt af hlutverkum bankans sem almenningur verður helst var við er útgáfa peningaseðla og myntar. Á árinu 2013 var gefinn út nýr 10.000 króna peningaseðill og eru nú um 600 þúsund eintök komin í umferð.

Þá eru hagtölur og margvísleg útgáfa rita á sviða efnahagsmála mikilvægur þáttur í starfsemi bankans undanfarna fimm áratugi. Að venju voru gefin út ýmis áhugaverð rit og haglýsingar á síðasta ári og hvet ég áhugafólk til að heimsækja heimasíðu bankans og nýta þann fróðleik sem þar er í boði.

Ársskýrslan sem liggur hér frammi lýsir í stuttu máli margbreytilegri starfsemi innan veggja Seðlabankans.

Ég mun nú stuttlega lýsa fjárhagslegri afkomu og efnahag Seðlabanka Íslands og félaga í eigu hans.

Samkvæmt rekstarreikningi var tap af rekstri Seðlabanka Íslands á árinu 2013 að fjárhæð 8,3 milljarðar, en til samanburðar var hagnaður árið á undan 14,3 milljarðar. Að gengismun og tekjuskatti undanskildum var 15,9 milljarða hagnaður af rekstri bankans á árinu 2013 samanborið við 12,1 milljarða hagnað á árinu 2012. Gengistap á árinu 2013 nam 12,3 milljörðum samanborið við gengishagnað að fjárhæð 4,7 milljarðar á árinu 2012 sem rekja má til verulegrar styrkingar krónunnar á árinu þar sem eignir bankans í erlendri mynt eru hærri en skuldir í erlendri mynt.

Efnahagsreikningur Seðlabanka Íslands ber enn merki um þá erfiðleika sem fylgdu í kjölfar þess að bankarnir fóru í þrot fyrir fimm árum. Það sést meðal annars á stærð samstæðuársreiknings sem rekja má til starfsemi Eignasafns Seðlabanka Íslands, en á síðustu mánuðum hafa verið stigin mikilvæg skref til að losa um eignir félagsins.

Eignir Seðlabankans námu ríflega 1.002 milljörðum króna í árslok 2013 en ríflega 1.068 milljörðum árið á undan. Þar af er stærð efnahagsreiknings Eignasafnsins um 300 milljarðar kr. Eignir umfram skuldir, eigið fé bankans, nam 89,8 milljörðum í árslok og lækkaði um 8,3 milljarða frá fyrra ári.

Tekjuskattur til greiðslu vegna félaga í eigu bankans vegna ársins 2013 nemur rúmlega 2,1 milljarði króna. Arðgreiðslur samkvæmt reglum um framlag til ríkissjóðs nema um 6,5 milljörðum króna. Hlutdeild ríkissjóðs vegna útboða 2013 nam 1,1 milljarði króna. Samtals eru þetta um 9,7 milljarðar króna sem skila sér í ríkissjóð.

Við mat á rekstarafkomu bankans er vert að hafa í huga að það er ekki hlutverk Seðlabankans að ná hagnaði. Hagnaður bankans getur vaxið þótt árferði fari versnandi. Minni hagnaður getur verið merki þess að meira jafnvægi sé að nást í efnahagsmálum.

Á undanförunum vikum og mánuðum hefur verið unnið að því að koma fjárhagslegum samskiptum ríkissjóðs og Seðlabanka Íslands í tryggan farveg. Markmiðið með þeirri vinnu hefur verið að tryggja fjárhagslegt sjálfstæði bankans og getu hans til að ná fram markmiðum sínum. Þessi vinna er nú á lokastigi.

Ágætu fundargestir. Bankaráð fagnar allri umræðu um starf og stefnu Seðlabanka Íslands og stjórnar hans. Uppbyggileg gagnrýni getur verið mikið framfaraafl og er nauðsynleg í allri þjóðfélagslegri umræðu. Hins vegar þarf að hafa hugfast að árangur peningastefnu og starfsemi fjármálastofnana byggir jafnan fyrst og fremst á trausti. Þar er átt við bæði almennt lántraust og traust almennings og atvinnulífsins á starfsemi Seðlabanka Íslands. Bankaráð mun í starfi sínu á komandi tímum leitast við að efla enn frekar traust á Seðlabanka Íslands í góðri samvinnu við stjórnvöld, atvinnulíf og alla landsmenn.

Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka bankaráði fyrir ágætt samstarf á liðnum mánuðum. Jafnframt vil ég þakka starfsfólki bankans, seðlabankastjóra og aðstoðarseðlabankastjóra fyrir gott starf á liðnu ári.

Við hlýðum nú á ávarp Bjarna Benediktssonar, fjármála- og efnahagsráðherra, og að því loknu tekur til máls Már Guðmundsson seðlabankastjóri.